

AÐGERÐARÁÆTLUNARVINNA Félagsmiðstöðvarinnar 100og1 2017-18

Aðsetur félagsmiðstöðvar: Spennistöðin

Fjöldi á miðstigi: 148

Fjöldi á unglingastigi: 122

Forstöðumaður & netfang: Friðmey Jónsdóttir. fridmey.jonsdottir@reykjavik.is

Inngangur

Félagsmiðstöðin 100og1 fylgir starfsáætlun Frístundamiðstöð Tjarnarinnar.

http://tjornin.is/wp-content/uploads/sites/12/2016/10/starfsaaetlun_tjornin_2017-2018.pdf

Leiðarljós: Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk: Að veita börnum og ungmönnum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Gildi Tjarnarinnar eru: Fjölbreytileiki, umhyggja og framsækni og í vetur munum við innleiða þau í starfið okkar.

Innra mat

100og1 nýtir margskonar innri mats aðferðir í starfi sínu. Nánari upplýsingar má finna í Starfsáætlun Tjarnarinnar. Helstu gögn sem stuðst er við eru viðhorfskannanir foreldra, starfsmanna, unglunga og barna. Mikið samráð er haft við unglunga í gegnum nemendaráð, unglungafundi og almennt spjall á opnunum. Einnig eru notaðir margskonar gátlistar. 100og1 skilar annarskýrslum til deildarstjóra unglungastarfs þrisvar sinnum yfir árið.

Ytra mat

Könnunin ungt fólk sem R&g leggur fyrir eru notuð í greiningu og helstu áhættuþættir metnir. Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi er einnig mæld í þessari könnun og kom þar fram að 62% unglunga í



100og1 segjast koma oftar en 1x í viku á opið hús félagsmiðstöðvarinnar sem er með því mesta sem gerist í Reykjavík.

Viðhorfsskannanir á starfsumhverfi starfsmanna eru reglulega lagðar fyrir. Starfsmenn 100og1 eru ánægðir með sitt vinnu umhverfi, stjórnhætti og stjórnendur, upplifa góðan starfsanda, þykir ímynd góð, upplifa jafnrétti á vinnustað og traust. Það sem þarf að bæta eru vinnuaðstæður starfsmanna og hækka laun. Tjörnin sem 100og1 tilheyrir var stofnun ársins árið 2017 hjá borg og bæ.

Aðgerðaráætlun 100og1 er unnin út frá starfsáætlun SFS og starfsáætlun Tjarnarinnar í samstarfi við starfsmenn og unglunga í 100og1. Aðgerðirnar sem stefnt er að því að bæta eru unnar með umbótarþætti Skóla- og frístundasviðs að leiðarljósi.

FRAMTÍÐARSÝN

Við viljum halda í þá góðu stemmingu og þátttöku sem hefur verið ríkjandi í 100og1 síðastliðin ár. Við viljum bjóða upp á fjölbreytt starf sem höfðar til sem flestra og allir finna að 100og1 sé þeirra staður og að þau tilheyra hópi eða starfinu á einn eða annan hátt. Starfsárið 2017-2018 verður spennandi ár að fara inn í þar sem í fyrsta skiptið verður forstöðumaður með aðstoðarforstöðumann með sér við hlið. Sú aukning er kærkomin og býður upp á mikla möguleika í starfinu. Við munum auka viðveru í skólanum á skólatíma. Við munum efla enn frekar samstarf við deildarstjóra unglungastarfs og félagsstarfskennara. Auka við þjónustu allra hópa með því að skipta upp bekkjum í 10-12 ára starfinu þannig hver og einn bekkur fær opnun 1x í viku þar sem hægt er að vinna meira með einstaklinga á hverri opnun. Einnig stefnum við á að bjóða upp á auka dagopnun þar sem markmiðið er að bjóða upp á sértækt hópastarf.

SÉRSTAKAR NÝJAR AÐGERÐIR Á STARFSÁRI

Rabkvöld foreldra

Opna félagsmiðstöðina fyrir foreldrum. Efla samskipti og samstarf.

Opið kvöld fyrir foreldra í unglingadeildinni þar sem við bjóðum upp á vettvang til þess að ræða málefni sem varðar ungmenni. T.d **eins og hvað við gerum í félagsmiðstöðinni**. kynna okkur sem starfsfólk og sýna mannlegu hliðina á okkur öllum. **Ræða samfélagsmiðla** út frá sýn unglunga og bjóða upp á „tabú“spjall fyrir foreldrana.

Umbótaþáttur: Foreldrasamstarf



Febrúar

Friðmey Jónsdóttir

Foreldrakannanir

Kortlagning hópsins

Kortleggja andlega og félagslega stöðu og líðan ungmenna í 100og1.

Að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar þekki hópinn sem til þeirra sækir og viti um líðan þeirra og félagslega stöðu. Umræða tekin á starfsmannafundum hvernig vikurnar hafa gengið, hvort þau hafa tekið eftir breyttri hegðun hjá einhverjum ákveðnum einstakling ofl.

Samstarf við skólan um eineltisáætlun.

Umbótaþáttur: Lýðheilsa

Tímaáætlun: Allt árið.

Ábyrgðarmaður: Allir starfsmenn

Mat: Skrá niður mætingar hvers og eins yfir allt skólaárið

Hollt og gott meðlæti

Þjóða einnig upp á hollari kost í mat á opnunum og í „sjoppunni“. Fylgja gátlistum um varðandi heilsuefingu og gátlistum um góða næringu.

Markmið: Auka fjölbreytni í matarkyns viðburðum

Umbótaþáttur: Lýðheilsa

Tímaáætlun: allt árið

Ábyrgðarmaður: Friðmey Jónsdóttir

Nemendaráð Austurbæjarskóla og 100og1

Gott unglíngalýðræði og virkja nemendur til framkvæmdar.



Markmið: Að nemendaráð Austó og 100og1 vinni markvissari og skipulagðari vinnu í vetur. Krakkarnir setja sér starfsreglur yfir veturinn, fundir verða aðra hvora viku. Nemendaráðið byrji haustið á góðum starfsdegi þar sem þau leggja sér línurnar fyrir veturinn, ákveða dagsetningar fyrir helstu viðburði vetrarins, skipta með sér ábyrgð yfir þeim viðburðum. Þau verði virkari í framkvæmd og finni að þau hafi raunverulega eitthvað um hlutina að segja.

Ábyrgð: Friðmey og Hrefna (samstarf við skólann)

Matsaðferð: Spurningarlisti lagður fyrir hópinn 2x í gegnum starfsárið um upplifun þeirra á starfsemi og þátttöku sinni í nemendaráðinu.

10-12 ára starf - opnanir

Sér opnanir fyrir alla árganga.

Markmið: Þjóða upp á frístundastarf fyrir hvern árgang fyrir sig eftir ábendingu frá foreldrum og vísbendingum sem uppi voru varðandi lýðheilsu barna í miðborg mætti bæta. Hver árgangur á sinn dag og sína opnun og viðfangsefnin sniðin að aldri barnanna hverju sinni. Markviss áhersla verður á lögð á hreyfingu í gegnum leik. Einnig verður unnið með og kynnt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna fyrir krökkunum.

Ábyrgð: Hrefna Þórarinsdóttir

Matsaðferð: Halda utan um mætingu með því að merkja við krakkana.

Tímaáætlun 2017-2018

Ágúst:

- 22.ágúst: Skólasetning
- setja niður fasta fundi fyrir veturinn með félagsstarfskennara, námsráðgjafa og verkefnastjóra unglिंगadeildar.

September:

- 6.september: Starfsdagur Nemendaráðs
- 13.september: Nýnemaballið
- Starfsdagar Samfés
- 25.-29.september: Tjarnarleikarnir

Október

- 6.-8.október: Landsmót Samfés
- 18.október: Drullumall
- 19-23 október: Vetrarfrí í skólanum
- halloween ball

Nóvember:

- 1.nóvember: Félagsmiðstöðvadaðurinn
- 3.nóvember: Starfdagur Tjarnarinnar
- 6.-8 nóvember: Undanúrslitarkvöld Skrekkur
- 13.nóvember: Úrslitakvöld Skrekkur
- 17.nóvember: Rímnaflæði & Gistinótt 100og1

Desember:

- 13.desember: Jólabball
- Viðhorfskannanir á foreldra, unglinga og börn í gegnum mentor

Janúar

- 26.janúar: Söngkeppni Tjarnarinnar

Febrúar

- 1.febrúar: Verkefnasjóður Samfés



- 2.febrúar: Danskeppni Samfés
- 8.febrúar: Árhátíð Austó og 100og1
- 9.febrúar: Tjörnin hefur hæfileika
- 15.-16.febrúar: Vetrarleyfi í skólanum
- Rabbkvöld foreldra

Mars:

- 17.mars: Stíll – hönnunarkeppni
- 23. mars: Samfestingurinn
- 24.mars: Söngkeppni Samfés

Apríl:

- Barnamenningarhátíð
- 26.-27.apríl : Aðalfundur Samfés

Mái:

- 30maí: Lokaball unglíngadeild

Júní:

- 1.júní: Skötuveislan
- 2.júní: Vorhátíð Austó
- 6.júní: útskrift 10.bekkur
- 7.júní: Skólaslit
- Sumarstarf